

Nd. 48. Frumvarp til laga [45. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum um 4 400 000 sérstök dráttarréttindi (SDR) og leggja fram 10% þeirrar fjárhæðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 26 12. maí 1976, var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda samning um stofnun Norræna fjárfestingarbankans, en bankinn tók til starfa 1976 með þátttöku allra Norðurlandanna.

Stofnfé bankans var ákveðið 400 milljónir sérstakra dráttarréttinda (SDR). Hluti Íslands var ákveðinn 4 milljónir SDR og var ¼ hluti stofnfjár innborgaður.

Á fundi stjórnar Norræna fjárfestingarbankans, sem haldinn var 23. mars 1982, var samþykkt að leggja til við Norrænu ráðherranefndina að hlutafé bankans yrði tvöfaldað, úr 400 milljónum SDR í 800 milljónir SDR.

Síðan hafa ráðherranefndin og Norðurlandaráð fjallað um málið og samþykkt þessa aukningu hlutafjárins.

Gert er ráð fyrir, að innborguð verði 10% af aukningunni, 40 milljónir SDR. Þar af verða 10 milljónir SDR greiddar úr varasjóði bankans, en 30 milljónir SDR verða greiddar af aðildarríkjunum.

Hluti Íslands verður 1.1%, en það er nú hin almenna hlutdeild þess í kostnaði við norrænt samstarf. Gert er ráð fyrir greiðslum á framlagi Íslands, 330 000 SDR, sem hér segir:

- 1) 2. jan. 1984 110 000 SDR
- 2) 2. jan. 1985 110 000 SDR
- 3) 2. jan. 1986 110 000 SDR

Auk þess verður greitt vegna Íslands úr varasjóði bankans 110 000 SDR. Innborgun vegna Íslands verður því samtals 440 000 SDR.

Heimildir bankans til lánveitinga eru 2½ sinnum hlutafé hans þannig að við aukningu hlutafjár fara þær úr 1 000 milljónum í SDR í 2 000 milljónir SDR.

Norræni fjárfestingarbankinn hóf starfsemi 1. ágúst 1976. Til 31. desember 1982 hafði bankinn veitt 156 lán samtals að fjárhæð 745,7 milljónir SDR. Af þessum lánum voru 134 fjárfestingarlán samtals að fjárhæð 601,7 milljónir SDR. Hluti Íslands í lánum innan þessa lánaflokks er talinn 7% eða 42,1 milljón SDR. Auk þessa hefur bankinn veitt byggðalán til Íslands sem nema samtals 9,6 milljónum SDR.